

Ýmsar upplýsingar

Skólaskylda er fyrir öll börn 6 - 16 ára.

Innritun nemenda í grunnskóla og skólavistun fer fram á **Mín Árborg**.

Einnig þarf að skrá nemendur í mötuneyti, ávexti og mjólk ef óskað er eftir því.

Nemendum er raðað í skóla eftir búsetu. Nánari upplýsingar um skólahverfi hvers skóla má finna inn á vefsíðu sveitarfélagsins.

Nemendur fá allar námsbækur afhentar í skólanum.

Nemendur fá ritföng í skólanum.

Nemendur þurfa að hafa með sér sundföt og handklæði, íþróttaföt og íþróttaskó.

Þegar nemandi byrjar í skólanum fá foreldrar upplýsingar um foreldrafundi, bekkjaskemmtanir og aðrar upptökur sem fylgja því að vera nemandi í skólanum.

Sjá einnig skóladagatal á vefsíðum grunnskólanna.

Mín Árborg Kynning

Farðu inn á vefsíðu sveitarfélagsins | www.arborg.is

Efst hægra megin finnur þú **Mín Árborg**



Innskráning

Hægt er að skrá sig inn með rafrænum skilríkjum eða með íslykli.

Inn á **Mín Árborg** finnið þið meðal annars umsóknir fyrir leikskóla, grunnskóla, skólamat, frístundaheimili og frístundastyrki.



Sveitarfélagið Árborg

Grunnskólar

Barnaskólinn á

Eyrarbakka og

Stokkseyri

Stekkjaskóli

Sunnulækjarskóli

Vallaskóli

Fjölskyldusvið Árborgar

Austurvegi 2 | 800 Selfoss

Sími | 480 1900

Vefsíða | www.arborg.is

Netfang | skolathjonusta@arborg.is



Grunnskólar

Sveitarfélagsins Árborgar

Barnaskólinn á Eyrarbakka og Stokkseyri

Barnaskólinn á Eyrarbakka og Stokkseyri er elsti samfelldi starfandi grunnskóli á Íslandi. Hann hefur starfað óslitið frá 25. október, árið 1852.

Grunngildin í stefnu skólans birtast í leiðarljósi hans en þau eru: jákvæðni, metnaður, virðing, heiðarleiki.

Skólinn er í ferli sem heilsueflandi skóli og leggur ríka áherslu á verk- og listgreinar.



Skóladagurinn:

1. - 10. bekkur kl.08:15 -13:55

Símanúmer | +354 480 3200

Netfang | barnaskolinn@barnaskolinn.is

Vefsíða | www.barnaskolinn.is

FRÍSTUND

Stjörnusteinar

Vistun fyrir nemendur í 1.- 4. bekk til kl. 16.30

(gjald er tekið fyrir vistun).

www.arborg.is/ibuar/fristund-og-sundlaugar/fristundir/stjornusteinar-a-stokkseyri

Stekkjaskóli

Nýr grunnskóli sem mun taka til starfa haustið 2021.

Skólinn verður staðsettur í nýja hverfinu við Björkurstykki.

Sunnulækjarskóli

Sunnulækjarskóli hefur starfað frá árinu 2004. Sérdeild Suðurlands, Setrið, er í Sunnulækjarskóla. Í Sunnulækjarskóla stunda nemendur einstaklingsmiðað nám.

Í því felst að nám hvers nemanda er aðlagð að hæfileikum hans og getu. Unnið er samkvæmt Uppeldi til ábyrgðar. Stefnt er að því að lærdómssamfélagið í Sunnulækjarskóla einkennist af gleði, vináttu og frelsi. Allir kennarar skólans vinna saman í teymum.

Skóladagurinn:

1.- 4. bekkur kl. 08:10 - 13:00

5.- 7. bekkur kl. 08:10 - 13:40

8. - 10. bekkur kl. 08:10 - 14:30

en breytilegur milli vikudaga



Símanúmer | +354 480 5400

Netfang | sunnulaekjarskoli@sunnulaekjarskoli.is

Vefsíða | www.sunnulaekjarskoli.is

FRÍSTUND

Hólar

Vistun fyrir nemendur í 1.- 4. bekk eftir skóla til 16:30

(gjald er tekið fyrir vistun)

www.arborg.is/ibuar/fristund-og-sundlaugar/fristundir/sunnulaekjar-skoli

Vallaskóli

Vallaskóli varð til 1. ágúst 2002 við sameiningu skólanna tveggja á Selfossi, Sólvallaskóla og Sandvíkurskóla. Skólinn er því nýr skóli á gömlum grunni.

Einkunnarorð skólans eru: virðing, þekking, lífsgleði. Undir merkjum þessara gilda hefur skólinn sett sér ýmsar stefnur, svo sem uppeldisstefnu, námsmatsstefnu og sjálfsmatsstefnu.

Skóladagurinn:

1.- 4. bekkur kl. 08:10 - 12:40

5.- 7. bekkur kl. 08:10 -13:40

8. - 10 bekkur kl. 08:10 - 14:10

Símanúmer | +354 480 5800

Netfang | vallaskoli@vallaskoli.is

Vefsíða | www.vallaskoli.is



FRÍSTUND

Bifröst

Staðsett í sérhúsnæði við hlið Sólvalla, gengt Valhöll. Þar er vistun fyrir nemendur í 1.- 4. bekk eftir skóla til 16:30 (gjald er tekið fyrir vistun)

www.arborg.is/ibuar/fristund-og-sundlaugar/fristundir/vallaskola